



## Batamerki á vinnumarkaði

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands er áætlað að um 206.200 manns hafi verið á vinnumarkaði í apríl 2021, sem jafngildir 78,4% atvinnuþátttöku. Af fólki á vinnumarkaði voru um 184.000 starfandi og um 22.200 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 10,8% af vinnuaflinu. Starfandi fólki fækkaði um 3.600 milli ára og atvinnulausum fjölgaði um 6.900. Hlutfall starfandi var 69,9% í apríl og hafði hækkað um 2,4 prósentustig frá apríl 2020.

### Atvinnuþátttaka á uppleið



Í apríl í fyrra fór atvinnuþátttaka niður í 73,4% og hafði ekki verið lægri a.m.k. frá árinu 2003, þegar vinnumarkaðskönnunin hófst. Atvinnuþátttaka hefur sveiflast nokkuð síðan, í samræmi við stöðu sóttvarna á hverjum tíma, og mældist nú 78,4% sem er heilum 5 prósentustigum hærra en á sama tíma í fyrra.

Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er nú rétt undir 78% og hefur atvinnuþátttaka aukist nokkuð síðustu mánuði.

### Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 10,8% í apríl sem er 2,8 prósentustigum hærra en á sama tíma í fyrra. Almennt atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 10,4% í apríl og hafði aukist um 2,9 prósentustig milli ára. Því til viðbótar var atvinnuleysi vegna hlutabóta mælt sem 1,1% í apríl og samanlagt atvinnuleysi því 11,5%. Atvinnuleysi var óvenju mikið í apríl samkvæmt mælingu Hagstofunnar og er líkleg skýring að námsmenn séu snemma á ferðinni í ár í leit að sumarstörfum.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun höfðu alls um 39.400 einstaklingar þörf fyrir atvinnu í apríl 2021. Sá fjöldi jafngildir 18,3% af vinnuafli og mögulegu vinnuafli. Af þessum hópi voru 56,4% atvinnulausir, 6,9% tilbúnir að vinna en ekki að leita að vinnu. 15,3% voru í vinnuleit en ekki tilbúnir að vinna og





21,5% voru starfandi en samtímis vinnulitlir og vildu vinna meira. Þessi tala Hagstofunnar, um 18,4% þörf fyrir atvinnu, er töluvert hærri en mæling Vinnumálastofnunar á heildaratvinnuleysi í apríl, sem var 11,5%. Samkvæmt þröngri skilgreiningu Hagstofunnar á atvinnuleysi var það hins vegar talið vera 10,8% í apríl.

### Vinnuafslnotkun að aukast að nýju

Starfandi fólki í apríl fjölgaði um 4,5% miðað við fyrra ár. Á sama tímabili styttist vinnutími um 2,9% þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 1,6% milli ára. Heildarvinnustundum fjölgaði einnig lítillega milli ára í febrúar, en annars hafði verið um fækkun vinnuafsstunda að ræða í hverjum mánuði allt frá upphafi ársins 2020.


Hvað vinnutímann varðar er líklegt að ákvæði í kjarasamningum opinberra starfsmanna um styttingu vinnutíma, sem tóku gildi um síðustu áramót, hafi haft áhrif á mælingu vikulegra vinnustunda í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Mældur vinnutími hefur því dregist saman vegna þessara breytinga.

### Mikil áhrif á vinnumarkaðinn

Nú er liðið rúmt ár síðan kórónuveirufaraldurinn fór að hafa veruleg áhrif á íslenskan vinnumarkað. Það á sérstaklega við um atvinnuleysið, sem aldrei hefur verið meira, en aðrar stærðir, eins og fjöldi og hlutfall starfandi, atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun, hafa einnig þróast í neikvæða átt á þessum tíma.


Ýmislegt bendir þó til þess að botninum sé náð, að bjartara sé framundan og að vinnumarkaðurinn fari að styrkjast aftur. Þó mæling Hagstofunnar á atvinnuleysi hafi verið óvenju há í apríl má benda á að niðurstöður hennar eru oft sveiflukenndar. Mælingar Vinnumálastofnunar á skráðu atvinnuleysi eru sífellt að þokast niður á við. Þar mun viðleitni stjórnvalda til að fjölga störfum, m.a. með ráðningarstærkjum, skipta máli, en einnig árangur í bólusetningu og auknir möguleikar á opnun landsins og vaxandi komur ferðamanna. Þá sýna niðurstöður Hagstofunnar nú að atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun eru á réttri leið.

### Atvinnuleysi án hlutabóta




Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild Landsb.

### Atvinnuleysi 12 mánaða hlaupandi meðaltal



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild Landsb.

### Atvinna og vinnutími



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.